**Nd.** **408. Nefndarálit** [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin hefur haft þetta frv. til umræðu og afgreiðslu um nokkurt skeið. Málið var sent til umsagnar Sambandi ísl. tryggingafélaga, Íslenskri endurtryggingu og Tryggingaeftirlitinu. Að fengnum umsögnum varð nefndin sammála um að gera breytingu á 1. gr. frv. sem prentuð er á sérstöku þingskjali og verður nánar skýrð í framsögu.

Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem hún flytur.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins var Pálmi Jónsson.

Alþingi, 3. mars 1982.

| | | |
|---|---|---|
| Guðrún Helgadóttir, form. | Jóhann Einvarðsson, fundaskr. | Matthías Bjarnason, frsm. |
| Guðmundur G. Þórarinsson. | Pétur Sigurðsson. | Magnús H. Magnússon. |